



Sjávarútvegs- og landbúnaðarráð
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Erindið sent með tölvupósti
á netfangið anr@anr.is

Akranesi, 06.05.2020
2005036 SFP/sas

Efni: Grásleppuveiðar 2020 - ákvörðun ráðherra mótmælt

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 5. maí sl., var fjallað um reglugerð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis sem útgefin var 30. apríl síðastliðinn um bann við grásleppuveiðum frá og með miðnætti aðfararnótt sunnudagsins 3. maí. Bæjarráð bókaði eftirfarandi:

„Bæjarráð Akraness tekur undir með félagsmönnum í smábátafélaginu Sæljóni á Akranesi og mótmælir fordæmalausri ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að stöðva grásleppuveiðar með alltof skömmum fyrirvara. Bæjarráð Akraness bendir á að misvægi er á milli landshluta hvað varðar grásleppuveiðar og gerir þá kröfu að ráðherra endurskoði ákvörðun sína þannig að jafnræðis verði gætt.“

Áskorunin er send ráðherra og þingmönnum norðvesturkjördæmis.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


BÆJARSTJÓRINN
AKRANES

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri